

## **182. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.** **20. nóvember 2009, kl. 11:00 haldinn í Þingborg í Flóahreppi.**

Mætt: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

### **1. Tillaga stjórnar varðandi framtíðarskipan úrgangsmála, fyrir framhaldsaðalfund.**

Lokið við gerð tillagna varðandi framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi, sem lagðar verða fyrir framhaldsaðalfund, sbr. ákvörðun samráðsfundar bæjar- og sveitarstjóra á samlagssvæði SOS, sem haldinn var í Þorlákshöfn 6. nóv. 2009.

### **2. Viðauki við samkomulag SOS og SORPU frá 22. maí sl.**

Viðauki við samkomulag SOS og SORPU kynntur en í viðaukanum er opnað fyrir sorpmóttöku frá sveitarfélögunum þremur sem munu ekki skila nema hluta af því sorpi sem samkomulagið upprunalega tegur til. Viðaukinn samþykktur og framkvæmdastjóra falið undirrita viðaukann af hálfu SOS.

### **3. Gjaldskrá.**

Lögð fram tillaga að gjaldskrá SOS sem gildir frá 1. desember 2010. Tillagan samþykkt.

### **4. Fjárhagsáætlun.**

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Fjárhagsáætlun samþykkt.

### **5. Framhaldsaðalfundur 20.11.2009.**

Framhaldsaðalfundur SOS sem haldin verður samdægurs kl 12:00 undirbúinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00